

Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Kópavogi 4. ágúst 2020
Tilvísun: 2020070005

Efni: Umsögn um útfærslu kerfiskennitölu samkvæmt lögum nr. 140/2019, um skráningu einstaklinga - mál númer 128/2020.

Vísað er til máls nr. 128/2020 sem nú eru til umsagnar á samráðsgátt stjórnarráðsins þar sem óskað er eftir umsögnum um útfærslu nýrrar kerfiskennitölu.

Kerfiskennitala er skv. 11.gr. laga 140/2019 gefin út til erlendra ríkisborgara sem vegna sérstakra hagsmuna hérlendis þurfa á slíkri kennitölu að halda. Um er að ræða einkvæmt auðkenni sem gefið er út fyrir hið opinbera vegna einstaklinga sem ekki þurfa að uppfylla, eða uppfylla ekki skilyrði til skráningar í þjóðskrá.

Að mati Útlendingastofnunar er útfærsla iii (3112904444) ákjósanlegust af þeim þremur tillögum sem kynntar eru í samráðsgátt stjórnarráðsins því í henni eru persónuupplýsingar sem gagnast fjölda aðila og kalla á litlar breytingar í kerfum sbr. að mörg kerfi leita eftir fæðingardegi til að finna einstaklinga.

Einstaklingar sem sækja um dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun til dvalar hérlendis framvísa vegabréfi þegar umsókn er skráð og þar koma fram upplýsingar um fæðingadag, mánuð og ár. Umsækjendur um alþjóðlega vernd framvísa skilríkjum ef þau til staðar en að öðrum kosti eru umsækjendur skráðir samkvæmt uppgefnum fæðingardegi og ári. Þessar upplýsingar eru skráðar í upplýsingarkerfi Útlendingastofnunar og eru notaðar við vinnslu mála sem og við uppflettingar í upplýsingakerfinu. Æskilegt er fyrstu 6 tölustafir kerfiskennitölu séu þeir tölustafir sem einstaklingar gefa upp sem, fæðingardag, mánuð og ár og hægt er að sannreyna.

Útlendingastofnun tekur undir að ákveðnir ókostir eru við þessa útfærslu kerfiskennitölu líkt og talið er upp í tillögum. Hins vegar er mikilvægt og til mikils hagræðis að kerfiskennitala sé ekki mjög frábrugðin fullgildum kennitölum þar sem kerfiskennitölu fá einstaklingar sem til dæmis sækja síðar um dvalarleyfi, ríkisborgararétt eða eru af öðrum ástæðum með hefðbundna kennitölu og skráningu hérlendis.

Stofnunin ítrekar að hún telur að tillaga iii sé skynsamlegust eða einhver útfærsla á henni sem leyfir notkun fæðingardags og árs í fyrstu 6 stöfum kennitölum. Til dæmis kerfiskennitölu sem er samsett úr tölustöfum (DDMMÁÁ) og síðari hlutinn úr bókstöfum og tölustöfum (BBTT) þar sem B er bókstafur og T er tölustafur t.d. 311290AB44.

Kostir við þessa uppbyggingu er að hún inniheldur persónuupplýsingar það er fæðingadag, mánuð og ár viðkomandi einstaklings og er jafnframt aðgreinanleg frá venjulegum kennitölum. Kerfiskennitala þessi kallar á litlar kerfislegar breytinga hjá ytri aðilum eins og Útlendingastofnun. Þessi útfærsla býður upp á, eftir mismunandi útfærslum, allt að 66.924 kerfiskennitölur á hvern fæðingardag. Þá væri mögulegt að útbúa flokkunarkerfi með bókstöfum t.d. til að sjá hver hafi óskað eftir útgáfu kerfiskennitölu.

Í umsögnum sem þegar hafa verið birtar hefur athygli verið vakin á nauðsyn þess að Þjóðskrá Íslands komi upp miðlægu útgáfukerfi fyrir kerfiskennitalna. Útlendingastofnun tekur undir þær umsagnir og leggur áherslu á að nauðsynlegt er að miðlægt kerfi verið skilvirkt, hraðvirkt og komi í veg fyrir að einstaklingar fái fleiri en eina kerfiskennitölu.

f.h. Útlendingstofnunar

Sigurbjörg Rut Hoffritz